



SKÝRSLA STJÓRNAR HRFÍ

Starfsárið 2019-2020

Samantekt um starf félagsins lögð fram á aðalfundi félagsins 10. júní 2020

Stjórn HRFÍ
stjorn@hrfi.is

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
SKRIFSTOFA	3
STARFSMANNAMÁL.....	3
HÚSNÆÐISMÁL	3
UPPTAKA NÝS TÖLVUKERFIS UTAN UM GAGNAGRUNN FÉLAGSINS	3
NEFNDIR HRFÍ	4
REGLUBUNDIÐ STARF INNAN FÉLAGSINS	5
FÉLAGSMENN OG ÆTTBÓKARSKRÁNINGAR	5
HEILSUFARSPRÓF	5
REGLUR UM SKRÁNINGU Í ÆTTBÓK HRFÍ.....	5
INNFLUTNINGUR HUNDA	6
HUNDASÝNINGAR	6
VINNUPRÓF.....	6
VEIDIPRÓF	7
SÓLHEIMAKOT	7
HUNDASKÓLI HRFÍ.....	7
ÍPRÓTTAEILD.....	7
ÞJÓNUSTU- OG AFREKSHUNDAR ÁRSINS	7
UNGMENNAEILD	8
SÝNINGADÓMARAR.....	8
VEIDIPRÓFADÓMARAR.....	8
HRINGSTJÓRAR	9
LÝSANDI TÖLUR ÚR STARFI FÉLAGSINS	9
KYNNINGAR OG FRÆÐSLUSTARF	10
FRÆÐSLUNEFND - AUKINN KRAFTUR	10
FÉLAGSBLAÐIÐ SÁMUR	10
STARF RÆKTUNARDEILDA	11
HLUTVERK OG VERKSVIÐ RÆKTUNARDEILDA	11
DEILDARSÝNINGAR.....	11
AFMÆLISÁRIÐ	12
RÉTTINDAMÁL	13
ENDURSKOÐUN REGLNA UM EINANGRUNARVISTUN HUNDA	13
ERLENT SAMSTARF	14
Á DÖFINNI	15

Inngangur

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi Hundaræktarfélags Íslands þann 10. júní 2020 en í henni er gerð grein fyrir margþættri starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.

Aðalfundur félagsins 2019 var haldinn í hátíðarsal Verslunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík, þann 15. maí. Á fundinum voru kjörin í stjórn Svava Björk Ásgeirsdóttir og Heiðar Sveinsson. Guðni B. Guðnason var kjörinn varamaður þeirra.

Stjórn var svo skipuð og skipti þannig með sér verkum á starfsárinu: Herdís Hallmarsdóttir, kjörin formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson, ritari. Meðstjórnendur voru Svava B. Ásgeirsdóttir og Heiðar Sveinsson. Varamenn eru þau Guðni B. Guðnason og Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Stjórn fundaði 17 sinnum á starfsárinu, þess utan nýtti stjórn sér fjarfundarbúnað Teams og afgreiddi erindi milli funda með tölvupóstum. Þá var stjórn með lokaðan hóp á samfélagsmiðlum sem nýttur var í umræður, hugmyndir og til upplýsinga, um framgang og stöðu þeirra verkefna sem stjórn vann að, á milli funda. Á starfsárinu var áætlaður fulltrúaráðsfundur í mars 2020 sem var frestað vegna Covid 19 faraldursins.

Ljóst er að Covid 19 faraldurinn hefur haft margvísleg áhrif á starfsemi félagsins. Loka þurfti skrifstofunni um tíma og aflýsa þurfti viðburðum hjá félaginu vegna samkomubannsins. Deildir gátu ekki haldið ársfundi á tilætluðum tíma og ekki var hægt að hafa aðalfund hjá félaginu í maí. Fella þurfti niður sumarsýningu félagsins. Ljóst er að skert starfsemi og þjónusta mun hafa neikvæð áhrif á fjárhag félagsins á árinu 2020.

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í húsnæði félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík og er opin alla virka daga frá kl. 10 til 15.

Starfsmannamál

Á skrifstofunni starfa þær Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri, Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir sem hefur á hendi verkstjórn ýmissa verkefna og sinnir afgreiðslu á skrifstofu félagsins og Erna Sigríður Ómarsdóttir sem hefur umsjón með útgáfu ættbóka og heilsufari. Bókhald félagsins er fært hjá Reglu.is og Gunnar Erlingsson er endurskoðandi félagsins.

Stefanía Björgvinsdóttir hætti störfum í apríl 2020 eftir 2 ára starf á skrifstofu félagsins.

Húsnæðismál

Félagið er eigandi að einkahlutafélaginu Ra ehf. sem er aftur eigandi að skrifstofuhúsnæði að Síðumúla 15 þar sem skrifstofa félagsins er til húsa. Félagið skuldar vegna kaupa á hlutafé í Ra 9.3 milljónir króna en lánið hvílir á fasteigninni. Slík lánsveð voru algeng en eru ekki leyfð í dag. Stjórn tók ákvörðun að nýta hluta af eigin fé félagsins til niðurgreiðslu á láninu. Voru 13 milljónir greiddar inná lánið. Endurfjármögnun lánsins er í skoðun enda í boði hagstæðari kjör í dag fyrirkomulagið hefur valdið erfiðleikum að ganga frá því.

Staða á húsnæðismálum félagsins er sú að fasteignin í Síðumúla 15 er á sölu en engin tilboð hafa borist í hana, nokkrir hafa þó sýnt henni áhuga. Leit að ákjósanlegu húsnæði hefur enn ekki borið árangur en sú leit heldur áfram. Ljóst er að komið er að margvíslegu viðhaldi í Síðumúla en ekki hefur verið farið í framkvæmdir í talsverðan tíma.

Þetta er langtímaverkefni og ljóst að ákvörðun um sölu félagsins eða fasteignarinnar og kaup á annarri fasteign telst meiriháttar fjárskuldbinding sem félagsfundur einn hefði ákvörðunarvald um.

Upptaka nýs tölvukerfis utan um gagnagrunn félagsins

Tölvukerfi félagsins sem heldur utan um gagnagrunn félagsins hefur verið í brennidepli í fjöldamörg ár enda áriðandi verkefni í starfsemi félagsins. Tölvukerfið Lukka var upphaflega hannað til bráðabirgða árið 2002 er enn í notkun hjá félaginu nú 18 árum síðar. Kerfið ræður ekki lengur við að vinna úr þeim upplýsingum sem settar eru inn og villuhætta er talsverð. Starfsemin byggir að miklu leyti á vinnslu þessara gagna og upplýsinga og grafalvarlegt ef gögnin glatast eða unnið er rangt úr upplýsingunum. Bryn nauðsyn var að grípa til aðgerða og kaupa nýtt kerfi til að standa vörð um gagnagrunn félagsins.

Framgangi verkefnisins hefur verið lýst á síðustu aðalfundum sem og á fulltrúaráðsfundum. Til upprifjunar þá samþykkti DKK að ganga til samstarfs við HRFÍ í apríl 2018 eftir nokkur fundahöld. Strax frá upphafi var ljóst að upptaka kerfisins yrði í skrefum. Samkvæmt áætlun og með átaki tókst að taka upp sýningakerfið, fyrsta skrefið á árinu 2018. Í framhaldinu var svo í byrjun árs 2019 opnað fyrir þann möguleika að félagsmenn skráðu sjálfir hunda sína á sýningar.

Verkefnið er í fullum gangi og hefur margt áunnist á starfsárinu. Upphaflega hafði staðið til að HRFÍ myndi nota tölvukerfi DKK og gagnagrunnurinn yrði færður í þeirra kerfi. Ýmis vandkvæði hafa komið upp við það fyrirkomulag sem leiddi til þess að stjórn DKK bauð HRFÍ að kaupa afrit af kerfinu fyrir afar sanngjarnt verð og jafnframt myndi DKK þjónusta okkur eftir upptöku þess.

Uppsetning kerfisins er í höndum norska fyrirtækisins Origin og vélbúnaður og vefþjónar hjá danska fyrirtækinu Tecsys.

Um er að ræða umfangsmesta og kostnaðarsamasta verkefni félagsins um þessar mundir enda gagnagrunnur verðmætasta eign þess. Vonast er til að stærstu hlutar kerfisins verði komnir í gagnið á árinu ef allt gengur eftir. Ítarlega kynningu á kerfinu og undangengnu ferli má sjá á heimasíðu félagsins.

Nefndir HRFÍ


Stjórn félagsins skipar nefndir og starfshópa til að annast ákveðin mál. Á fyrsta fundi stjórnar er skipað í fastanefndir félagsins. Í dag eru 14 nefndir starfandi hjá félaginu og nefndarmenn samtals um 60 talsins. Nánar verður fjallað um starf einstakra nefnda í umfjöllun um reglubundið starf félagsins eins og við á.

Reglubundið starf innan félagsins

Félagsmenn og ættbóarskráningar

Áframhaldandi vöxtur er í hefðbundnu starfi félagsins. Ættbóarskráningar tóku talsvert stökk á árinu 2019 en hvolpaskráningar jukust um 25%, eða um 332 frá fyrra ári. Einnig fjölgaði skráðum gotum um 65 eða 21% frá árinu 2018. Félagsmönnum fjölgaði um 22% og eru nú fleiri en nokkru sinni.

Gera má ráð fyrir að aukinn fjöldi félagsmanna haldist eitthvað í hendur við fjölgun nýskráninga hvolpa en þegar skráðum hvolpum fjölgar, fjölgar einnig félagsmönnum. Árið 2020 fer einnig vel af stað hvað varðar greiðslu félagsgjalda.



Mynd 1: Á myndinni má sjá fjölda félagsmanna frá árinu 2014

Heilsufarspróf

Nokkurn veginn sami fjöldi af hundum var augnskoðaður árið 2019 og á fyrra ári en 694 hundar voru skoðaðir. Fjórar augnskoðanir voru á vegum félagsins, þrjár í Reykjavík og ein á Akureyri. Það voru dönsku dýralæknarnir, Jens Knudsen og Susanne Kaarsholm, sem skoðuðu hundana en þau hafa komið reglulega til landsins í þessum tilgangi um árabil. Heildarfjöldi mjaðmamýndaðra (HD) hunda hefur minnkað örlítið en myndun olnboga (ED) aftur á móti aukist aðeins.

Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ

Stjórn óskaði á síðasta tímabili eftir því við ættbókar- og staðlanefnd, að nefndin endurskoðaði reglugerð um skráningu í ættbók með hliðsjón af reglum FCI og reglugerð um dýravernd. Eins vann nefndin almennan samanburð á þeim kröfum sem gerðar eru um heilsufarsskoðanir í þeim tilgangi að samræma reglurnar betur og gera þær aðgengilegri. Stjórn samþykkti uppfærða reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók og tóku nýju reglurnar gildi 1. júní 2019. Haldinn var ágætlega sóttur félagsfundur til að kynna uppfærðar reglur.

Á árinu hefur verið unnið að endurskoðun á reglum og skilyrðum um ræktun einstakra hundakynja. Þetta er risavaxið verkefni sem unnið er af ættbókar- og staðlanefnd, en gert í góðu samráði við ræktunardeildir í félaginu sem og vísindanefnd. Nefndin hefur lokið yfirferð og hefur lagt fram tillögur til stjórnar sem hafa verið samþykktar. Nú liggur fyrir að kynna breytingar fyrir félagsmönnum en það verður gert á kynningarfundum en rúmur aðlögunartími verður gefinn áður en reglurnar munu taka gildi.


Innflutningur hunda

Innflutningur hunda jókst nokkuð milli ára en 114 innfluttir hundar voru skráðir hjá félaginu 2019 á móti 92 árinu áður. Engar nýjar tegundir voru skráðar í félagið á árinu.

Hundasýningar

Alls hélt félagið sex sýningar fyrir allar tegundir á árinu. Haldnar voru þrjár alþjóðlegar sýningar og þrjár NKU Norðurlandasýningar. Sérstakar hvolpasýningar voru aflagðar en hvolpar sýndir í þartilgerðum flokkum á sýningum félagsins. Reiðhöllin var nú afhent degi síðar en þess utan hefur reynst erfitt að manna sýningar félagsins og sérstök sýning á föstudagskvöldinu jók þann vanda. Var almenn ánægja með endurupptöku gamla fyrirkomulagsins. Sýningarnar sem haldnar voru yfir vetrartímann voru haldnar í Víðidal en útisýningar á Víðistaðatúni í Hafnarfirði. Allt utanumhald og skipulag í kringum sýningarnar hefur verið til fyrirmyndar og þátttaka afar góð.

Félagsmenn voru að venju duglegir að skrá á sýningar en heilt yfir jukust skráningar um 100 eða um 2%. Þó enn megi sjá aukningu í skráningum er hún örlítið minni en aukning á milli árunna 2017-2018.



Mynd 2: Á myndinni má sjá fjölda skráðra hunda ásamt fjölda sýninga félagsins á ári frá árinu 2014

Stigahæsti hundur ársins með samtals 48 stig var rakkinn Red Hit Chili V. Tum-Tums Vriendjes af tegundinni Petit basset griffon vendeen. Stigahæsti öldungur ársins með 57 stig var Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner af tegundinni Tibetan Spaniel. Stigahæsti ræktandi ársins með 65 stig var Auður Valgeirsdóttir sem ræktar Tibetan spaniel undir nafninu Tíbráar Tinda. Í öðru sæti með 64 stig var María Björg Tamimi en hún ræktar svartan Miniature schnauzer undir nafninu Svartwalds. Í þriðja sæti með 47 stig var Lára Bjarney Kristinsdóttir sem ræktar svart-silfur Miniature schnauzer undir nafninu Skeggjastaða.

Vinnuþróf

Vinnuhundadeild hélt níu hlýðniþróf á árinu og er það fjölgun um tvö þróf frá fyrra ári. Skráðir voru 54 þátttakendur. Fjögur sporapróf voru haldin og náðu níu hundar viðurkenndri einkunn. Deildin er metnaðarfull og starfið blómlegt. Deildin heiðraði hlýðni- og sporhund ársins en það var hundurinn Abbadís í eigu Þórhildar Bjartmarz sem hlaut báðar viðurkenningar að þessu sinni.

Veiðipróf

Heildarskráningar í veiðipróf dróst saman um 9%, fækkunin liggur í tegundahópi 7 en fjölgun varð á skráningum hjá tegundarhópi 8.


Undir merkjum tegundahóps 7 voru 297 skráningar í samtals 12 veiðipróf. Fuglahundadeild var með fjögur veiðipróf á árinu. Vorstehdeild var með þrjú próf. Deild enska setans (DESÍ) var með þrjú próf og Norðanhundar með tvö próf. Þrettán veiðipróf fyrir sækjandi hunda voru haldin hjá Retrieverdeild og voru 127 skráningar í þau próf en þátttaka þar hefur aukist frá fyrra ári. Prófin voru dæmd af íslenskum og erlendum dómurum.

Sólheimakot

Kotið er mikið notað af félagsmönnum fyrir opin hús hjá tegundahópum 7 og 8, hvolpasamkomur, námskeið, veiðipróf, fundi og fleira. Nú í vor var farið í að leita styrkja til áframhaldandi endurbóta á kotinu og brugðust félagsmenn vel við með fjárframlögum og dósum. Farið var í að dytta að ýmsu, búið er að gera við vatnslagnir og mála hluta að utan en ljóst að frekara fjármagn þarf til að gera við leka meðfram strompi og málningu utan og innanhúss. Sólheimakotsnefnd kann öllum þeim félagsmönnum sem hafa lagt hönd á plóg bestu þakkir fyrir.

Hundaskóli HRFÍ

Hundaskólinn var rekinn með óbreyttu sniði. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda. Í ár var boðið upp á fjórtán hvolpa- og grunnnámskeið og fjögur hlýðninámskeið. Kennari skólans í ár, sem áður, var Valgerður Júlíusdóttir.



Mynd 3: Á myndinni má sjá fjölda þátttakenda á námskeiðum Hundaskóla HRFÍ frá árinu 2014

Íþróttadeild

Íþróttadeild hefur boðið upp á hundafiminámskeið, æfingar og próf en eitt námskeið var haldið á árinu. Nú býr deildin mun betur varðandi tækjakost enda tækin endurnýjuð á sl. ári en erfitt hefur reynst að tryggja húsnæði fyrir starfseminu. Áhuginn er mikill fyrir hundafimi og vonandi birtir til varðandi húsnæði fyrir æfingar og námskeið.

Þjónustu- og afrekshundar ársins

Þjónustu- og afrekshundar ársins 2019 voru heiðraðir á nóvembersýningu félagsins.

Þjónustuhundur HRFÍ 2019 heitir Arnarstaða Skugga Baldur í ættbók en er kallaður Skuggi. Skuggi er 8 ára einkar manneskur íslenskur fjárhundur. Eigandi hans heitir Brynhildur Bjarnadóttir og ræktandi hans er einn af heiðursfélögum HRFÍ Guðríður Þ. Valgeirsdóttir. Tilnefninguna hlaut Skuggi vegna starfa sinna sem heimsóknarvinur á vegum Rauða Krossins en hann og eigandi hans Brynhildur heimsækja Hrafnistu í hverri viku og hafa gert í langan tíma. Skugga er ávallt fagnað sem þjóðhöfðingja og hans alltaf beðið með eftirvæntingu. Hann eins og allir Rauða Kross hundarnir eru mjög félagslega mikilvægir í lífi fjölda fólks í hverri viku.

Afrefshundur ársins varð boxer-tíkin, Hagalín One Love sem gegnir nafninu Emma. Emma býr í Hveragerði hjá Jórunni Dögg Stefánsdóttur og fjórum börnum. Ræktandi hennar er Unnur Hagalín. Tilnefninguna hlaut Emma vegna stuðnings hennar við hluta barnanna á heimilinu en þau glíma við heilkennið "kabuki". Emma hefur verið yngstu dótturinni á heimilinu ómetanleg hjálp og fjölskyldunni allri mikill stuðningur. Fjölskyldan metur Emmu afar mikils og þykir óendanlega vænt um hana.

Ungmennadeild

Öflugt barna- og ungmennastarf er í félaginu og heldur Ungmennadeild HRFÍ utan um það. Deildin býður meðal annars upp á sýningarþjálfanir fyrir unga og eldri sýnendur ásamt því að Dagur Ungmennadeildar hefur verið haldinn hátíðlegur þar sem sýnendum á öllum aldri gefst tækifæri á að spreyta sig í sýningarhringnum. Þessum degi er ætlað að vekja áhuga barna og ungmenna á hundasportinu.

Stigahæsti ungi sýnandi ársins 2019 í yngri flokki var Eyrún Eva Guðjónsdóttir. Stefanía Stella Baldursdóttir var stigahæst í eldri flokki og var fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts árið 2020.

Deildin og félagið geta verið stolt af þeim keppendum sem kepptu á erlendri grundu á starfsárinu og stóðu sig frábærlega. Vaka Víðisdóttir keppti fyrir Íslands hönd á Crufts 2019. Vanalega sendir félagið fulltrúa í heimsmeistarakeppni ungra sýnenda en árið 2019 var hún haldin í Kína og var tekin ákvörðun um að senda ekki fulltrúa til Kína. Þess í stað fór Stefanía Stella Baldursdóttir til Póllands og keppti þar á Pruszkow National Dog Show. Lovísa Helenudóttir var fulltrúi Íslands á Evrópusýningunni í Austurríki.

Nordic Winner-sýningin fór fram í Stokkhólmi í desember. Landslið Íslands skipuðu þær Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir, Snærún Ynja Hallgrímsdóttir Smith, Stefanía Stella Baldursdóttir og Elena Mist Theodórsdóttir. Elena Mist komst áfram í tíu keppenda úrslit í einstaklingskeppninni og liðið lenti í þriðja sæti í liðakeppninni. Stóðu þær sig með mikilli þrýði undir leiðsögn Rannveigar Gauju Guðbjartsdóttur, landsliðsþjálfara.

Sýningadómarar

Í ár stóð sýningadómaranefnd fyrir prófum hjá starfandi dómurum á nýjar tegundir og er það þriðja árið sem félagið stendur fyrir slíkum prófum. Í dag eru 11 sýningadómarar hjá félaginu. Nýr sýningadómarari bættist í hópinn á tímabilinu en Þorbjörg Ásta Leifsdóttir fékk dómara réttindi 2019. Vonir standa til þess að sýningadómarar félagsins haldi áfram að læra og bæta við sig tegundum auk þess að fá aukna reynslu af dómara störfum.

Veiðiprófadómarar

Samtals eru starfandi 13 veiðiprófadómarar hjá félaginu, þar af eru 7 fyrir sækjandi hunda og 6 fyrir fuglahunda. Tveir félagsmenn eru í dómara námi. Samráðsfundur dómara í tegundahópi 7 var haldinn í byrjun árs og sett upp metnaðarfullt plan fyrir vorið. Covid 19 setti strik í reikninginn en það rofar til með haustinu.

Hringstjórar

Tvö hringstjóranámskeið voru haldin á tímabilinu og voru þau bæði vel sótt. Við vonumst til að þátttakendur skili sér í starf félagsins í framhaldi.

Lýsandi tölur úr starfi félagsins

Upplýsingar 2014-2019	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Hvolpar	1094	1078	1308	1244	1307	1639
Got	260	251	294	274	305	370
Meistarastigssýningar (allar tegundir)	1	3	1	1	3	3
Alþjóðlegar sýningar (allar tegundir)	4	4	4	4	3	3
Deildarsýningar	4	9	6	6	5	4
Félagsmenn	2078	1916	3061	3421	3117	3882
Deildir	30	30	29	29	29	28
Skráðir hundar á árinu	1179	1159	1406	1343	1399	1753
Skráðir hundar frá upphafi ca	18875	20034	21440	23698	25097	26850
Augnskoðaðir hundar	535	600	600	643	699	694
Sýndir hundar (allar sýn)	4075	5025	3847	4270	4491	4569
Sýndir hundar (all breed sýningar)	3722	4312	3450	3907	4188	4287

Kynningar og fræðslustarf

Fræðslunefnd - aukinn kraftur

Ákveðið var að skipa í fræðslunefnd innan stjórnar sem hefði það að markmiði að auka ýmiss konar fræðslu fyrir félagsmenn og aðra áhugasama. Nefndina skipuðu Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson.

Nefndin stóð fyrir ræktendarabbi í Krikaskóla sem var vel sótt en um 80 ræktendur og aðrir áhugasamir um ræktun sóttu viðburðinn. Umræðum stjórnunum reyndir ræktendur, þær Sigurbjörg Vignisdóttir og Edda Janette Sigurðsson. Heppnaðist viðburðurinn mjög vel og var það mál manna að hann væri kominn til að vera.

Nefndin hafði skipulagt ræktendanámskeið í mars sl. í umsjón hinnar sænsku Anne-Chaterine Ancan Edoff en vegna Covid 19-ástandsins þurfti því miður að fresta námskeiðinu að minnsta kosti fram á haust.

Það er hugur í nefndinni að efla þátt fræðslu og námskeiða fyrir alla félagsmenn. Margt er á þróunum sem áætlað er að hrinda í framkvæmd um leið og aðstæður í samfélaginu bjóða upp á það.

Félagsblaðið Sámur

Félagið gefur út félagsblaðið, Sám í þeim tilgangi meðal annars að fræða almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda. Blaðið kom út tvisvar á árinu, í júní og desember. Svava Björk Ásgeirsdóttir, ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ. Öflug 8 manna ritnefnd undir stjórn Svövu gerir félaginu mögulegt að gefa út blaðið svo því sé sómi af.

Starf ræktunardeilda

Hlutverk og verksvið ræktunardeilda

Í dag eru 24 ræktunardeildir innan HRFÍ sem hafa það hlutverk að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.

Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina sem varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnnum ber að halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun. Að endingu er deildum ætlað það hlutverk að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni.

Auk mikilvægs hlutverks deilda, er varðar ræktun og heilbrigði tegunda sem þeim tilheyra, hafa þær sinnt félagslegu hlutverki. Þær standa fyrir margvíslegu félagsstarfi, svo sem ýmsum viðburðum og samkomum félagsmanna sem deildunum tilheyra.

Stjórnir ræktunardeilda bera ábyrgð á starfi þeirra en geta leitað til stjórnar eftir stuðningi og leiðsögn. Fulltrúaráð félagsins er samkvæmt lögum félagsins samráðsvettvangur stjórnar HRFÍ og ræktunarstjórna. Þar geta ræktunarstjórnir komið að ábendingum og gagnrýni á starf innan félagsins eða regluverk þess.

Þegar skýrslan er skrifuð hafa fáir ársfundir verið haldnir enda hefur samkomubann stjórnvalda komið í veg fyrir að það hafi verið hægt. Í ljósi þess mun stjórn ekki leggja til að deild verði lögð niður að þessu sinni heldur fresta slíkum tillögum til næsta aðalfundar.

Deildarsýningar

Deildarsýningar voru alls fjórar talsins. Schnauzerdeild, Deild íslenska fjárhundsins, Retrieverdeild og Schäferdeild héldu hver sína deildarsýningu. Heilt yfir varð fækkun á hundum sem sýndir voru á deildarsýningum annað árið í röð en einnig fækkaði um eina sýningu frá fyrra ári.

Afmælisárið

HRFÍ var stofnað 4. september 1969 og fagnaði því fimmtugsafmælinu árið 2019. Fjölmargt var gert til að fagna tímamótunum og meðal annars gengið niður Laugavegin með hundunum í fyrsta sinn í nokkur ár með hundunum okkar. Gangan var einstaklega vel heppnuð, þátttaka góð og hún vakti athygli á samfélagsmiðlum en var einnig fjallað um hana í fréttum.

Þá var sýning félagsins í ágúst sérstök afmælissýning og fengu þeir hundar sem sköruðu fram úr sérstakar afmælisrósettur til að marka tímamótin, þá fékk starfsfólk sýningarinnar einnig lítinn þakkarvott fyrir störf sín fyrir félagið. En þeir geta nú drukkið úr sérmerktum og áletruðum kaffibollum. Félagsmönnum var boðið upp á afmælisköku en aflýsa þurfti frekari fagnaðarlátum á sýningunni sjálfri þar sem aftakaveður setti strik í reikninginn.

Haldið var galakvöld sem var einstaklega glæsilegt en miðar á hátíðina seldust upp. Styrktaraðilar og vildarvinir styrktu félagið með afburða glæsilegum happdrættisvinningum og ríkti gleði og fögnuður fram eftir kvöldi.

Það er ánægjulegt á tímamótum sem þessum að minnast þeirra breytinga sem orðið hafa í gegnum tíðina og hversu mun hundvænna samfélagi við búum í nú en fyrir örfáum árum. Þá er hundaeign alltaf að aukast og múrar falla með auknum skilningi og þekkingu á sambandi manns og hunds.

Réttindamál

Endurskoðun reglna um einangrunarvistun hunda

Einangrunarmál og endurskoðun reglna um einangrunarvistun hunda vegna hefur verið fyrirferðamikil í starfi félagsins þetta árið.

Eftir áralanga baráttu fyrst um gerð nýs áhættumats og svo eftirrekstur að fá niðurstöðu í þá vinnu skilaði Dr. Willeberg skýrslu í byrjun apríl 2019. Um leið og matið var birt var sett af stað fjölmiðlaherferð í tengslum við innihald skýrslunnar en mjög mikilvægt var að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri. Vel tókst til og staðfesti Sjávarútvegs og Landbúnaðarráðherra á Alþingi að haft yrði samráð við félagið við ákvörðun um hvort tilefni væri til að rýmka reglurnar og/eða gera vistina bærilegri fyrir dýrin. Ný drög voru svo kynnt síðustu jól og stjórn félagsins sendi umsögn til ráðuneytisins vegna þessa. Herdís Hallmarsdóttir formaður og Guðbjörg Guðmundsdóttir í varastjórn mættu svo á fund í ráðuneytinu til að ítreka sjónarmið félagsins og í skilaði í framhaldinu að beiðni ráðuneytisins annarri umsögn. Þá skilaði félagið umsögn til Alþingis í tengslum við lagabreytingatillögu og mætti Herdís Hallmarsdóttir formaður á nefndarfund til að fylgja umsögninni úr hlaði.

Sá áfangasigur náðist að einangrunarvistun er nú tvær vikur í stað fjögurra áður. Betur má hins vegar ef duga skal. En félagið hefur í umsögnum sínum bent á ýmis mál sem betur mega fara.

Erlent samstarf

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund Evrópuráðs FCI í Austurríki í júní. Tveir NKU fundir voru haldnir á árinu í Noregi í febrúar og Danmörku í október. Fulltrúar félagsins sóttu fundinn í Danmörku þar sem samliða var fundað með DKK vegna tölvumála. Einnig sótti framkvæmdastjóri alþjóðlega ráðstefnu Hundaræktarféлага sem haldin var af SKK í Stokkhólmi í júní þar sem ræddar voru fjölmargar áskoranir sem og tækifæri varðandi DNA prófanir og heilsufar hunda.

Mikið hefur verið lagt í að rækta samstarf okkar við Norðurlandþjóðirnar í gegnum árin og ekki síður árið 2019. Ekki þarf að nefna stuðning þann sem Danska hundaræktarfélagið hefur veitt okkur í tengslum við tölvukerfi okkar.

Á döfinni

Margt hefur áunnist í réttindabaráttunni undanfarin ár. Hundar mega fara í strætó og einangrunarvistin er styttri og bærulegri en áður var. Sömuleiðis hefur skilgreiningin á hundaæðis fríum löndum verið útvíkkuð og hægt er að fá innflutta yngri hvolpa frá fleiri löndum. Betur má ef duga skal og hundaeigendur hljóta að vilja fá betri aðstöðu til að halda sýningar, próf og keppnir. Takmarkanir í reglugerðum valda því að ekki er hægt að halda slíka viðburði nema í sérstöku húsnæði. Þetta er ótækt enda ekkert sem réttlætir þá takmörkun. Við þurfum því að berjast fyrir afnámi slíkra reglna. Þá njóta íbúar fjölbýlishúsa ekki sanngirni þegar kemur að gæludýrahaldi og mörg leigufélög viðhalda slíku banni óháð vilja meirihluta íbúa slíks húsnæðis.

Innleiðing á tölvukerfi DKK verður stærsti þáttur í starfsemi félagsins þar til það kemst í fulla notkun. Um er að ræða langtímaverkefni sem mun krefjast aðlögunar og vinnu. Ekki er enn hægt að sjá fyrir hvenær innleiðingunni lýkur. Vel hefur tekist til að innleiða sýningarhluta kerfisins þó því sé ekki að fullu lokið og vonir standa til þess að næstu skref muni ganga vel. En þegar þau mál eru komin í farveg blasir við að endurskoða þarf heimasíðu félagsins og hlýtur það mál að vera ofarlega á lista þeirra mála sem ný stjórn kys að leggja áherslu á.

Vonir standa til þess að áhugi vakni á kaupum á húsnæði félagsins en þegar þar að kemur mun þurfa að bregðast hratt við og kalla til félagsfundar.

Hundaræktarfélag Íslands er almennt félag - áhugamannafélag - og fólkið sem þar starfar að einstökum hugarefnum sínum gerir það að mestu leyti í sjálfböðastarfi. Stjórn vill nota tækifærið og þakka af heilum hug þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til þess að fjölbreytt starfsemi félagsins fengi að blómstra og dafna á síðasta starfsári. Félagið okkar styrkist með hverju ári og rödd okkar er farin að heyrast betur í opinberri umræðu en mest um vert er að almennir félagsmenn verða sífellt virkari í starfinu, sýna meira frumkvæði og taka ábyrgð. Okkur þykir öllum vænt um þennan félagsskap og viljum veg hans sem mestan. Það er bæði gaman að vera saman en það gerir okkur líka að sterkum hornsteini góðrar hundamenningar á Íslandi.

Reykjavík 02. júní 2020

Herdís Hallmarsdóttir formaður



Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varaformaður



Þorsteinn Thorsteinson, ritari




Svava Björk Ásgeirsdóttir, meðstjórn.



Heiðar Sveinsson, meðstjórn



Guðbjörg Guðmundsdóttir, varastjórn



Guðni B. Guðnason, varastjórn

